

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Mál nr. S-233/2025

Umsögn eingöngu send í gegnum samráðsgátt stjórnvalda.

Reykjavík, 17. desember 2025

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1240/2015 um framkvæmd áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (hér eftir „SFF“ eða „samtökin“) vísa til draga að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1240/2015 sem lagðar eru til með það fyrir augum að samræma CRS-regluverk alþjóðlegum skuldbindingum um sjálfvirk upplýsingaskipti í skattamálum, einkum hvað varðar upplýsingaöflun og miðlun frá fjármálastofnunum.

Ánægju vekur að fyrirhugaðar séu breytingar á reglugerð nr. 1240/2015 sem telja má að verði til nánari skýringa. Samtökunum þykir þó tilefni til frekari breytinga á reglugerðinni en lagðar eru til með fyrirbyggjandi drögum og leggja til að stjórnvöld taki reglugerðina til heildarendurskoðunar.

Aðilar sem vinna með reglugerðina í framkvæmd hafa bent á að þeim finnist hún ekki nægjanlega skýr í framkvæmd. Skortur á skýrleika getur flækt framkvæmd skýrsluskila. Til nánari skýringar er vert að líta til eftirfarandi dæma úr reglugerðinni:

- Í fyrsta lagi er bent á að í kaflanum „Tilkynningarskyldur reikningur“ er ýmist fjallað um reikninga eða aðila, en það er til þess fallið að valda óskýrleika.
- Í öðru lagi er vísað til fylgiskjala nr. 1 og 2. með reglugerðinni, en þau sýna lönd sem eru í samskiptum við Ísland. Sá listi er ekki í samræmi við þann lista sem nálgast má á heimasíðu OECD. Listinn sem birtur er á heimasíðu OECD er sá listi sem notast er við þegar isCRS flagg er sett á heiti landa við CRS skil. Ekki er ljóst hvort fara skuli eftir landalistum í fylgiskjölum með reglugerðinni eða hvort skuli nota lista OECD.
- Í þriðja lagi er vísað til 34. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar er kveður á um hvaða reikningar skuli undanþegnir gildissviði reglugerðarinnar. Vafa er undirorpið hvaða þýðingu „hámarksæviðframlag“ hafi í skilningi ákvæðisins, en óvíst er hvort hér sé átt við eign og jafnframt hvort fjárhæðarmörkin gildi bæði fyrir CRS og FACTA.

Vísa mætti til fleiri ákvæða reglugerðarinnar sem telja verður óskýr eða haldin ágöllum, til viðbótar við þau ákvæði sem hér hefur verið bent á og lagt er til að breytt verði á grundvelli fyrirbyggjandi draga. Er þess vegna sérstök ástæða til að benda á að fyrirhuguð innleiðing dagsektaákvæðis, sem fram kemur í 6. gr. í drögunum, undirstrikar enn frekar mikilvægi þess að reglugerðin í heild sé skýr, gagnsæ og auðveld í framkvæmd. Í ljósi framangreinds leggja SFF til að ráðuneytið taki reglugerðina til endurskoðunar í heild sinni, með það að markmiði að skýra hana og einfalda.

Tilkynningarskyldar fjármálastofnanir skulu samkvæmt reglugerðinni safna TIN númerum (e. Taxpayer Identification Number). Í ljósi þess að í mörgum tilvikum er um TIN númer frá sömu aðilum að ræða leggja samtökin til að stjórnvöld taki til skoðunar hvort unnt sé að koma á miðlægum vettvangi þar sem TIN númerunum er safnað.

Að lokum leggja samtökin til að Skattinum verði gert að útbúa nýjar, nákvæmari leiðbeiningar um skýrsluskil, en núverandi leiðbeiningar telja aðilar ekki nægilega skýrar né nákvæmar.

SFF áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum fram á síðari stigum og eru reiðubúin til að gera frekari grein fyrir umsögn sinni og koma með ítarlegri athugasemdir.

Virðingarfyllst,
f. h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur